

3. fundur fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps haldinn að Hömrum sunnudaginn 21. ágúst 2011, kl. 20:00.

Mættir:

Kolbeinn Reynisson, Auður Gunnarsdóttir, Sigrún Jóna Jónsdóttir, Ólafur Ingi Kjartansson og Ingólfur Jónsson.

Fyrsta leit í Grímsnesi fer af stað föstudaginn 9. september og réttað í Klausturhólum 14. september. Fyrsta leit í Grafningi fer af stað laugardaginn 17. september. Réttað verður í Selflatarrétt mánudaginn 19. september. Lyngdalsheiðin verður smöluð í fyrstu leit og svo aftur í eftirleit sem farinn verður í október.

Sama álagning er í ár og í fyrra, bæði á jörð og á kind. Dagsverk í Grímsnesi verður 7.000 kr. og 10.000 kr. í Grafningi. Fjárhagsáætlun hljóðar upp á 1.895.000 kr. bæði tekjur og gjöld.

Reiknað er með að Grímsnes sjái um smölun Þingvallarsveitarafréttar austan vatna, með svipuðu sniði og síðastliðið ár.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:00